

Rannsóknaskýrslur 2000

Birkihlíð í Borgarfjarðarsveit

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson



Ljósmynd á forsiðu: Mynd 1: Birkihlíð. Skáneyjarbær í baksýn.

© 2000 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050
Prentun/umbrot: ???????????

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	?
Birkihlíð í Reykholtshrepp.....	?
Framkvæmd.....	?
Meðfylgjandi gögn.....	?
Niðurstöður.....	?
Heimildir.....	?

Inngangur

Vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir landspildu í landi Birkihlíðar í hinum gamla Reykholtisdalshrepp, svfnr. 3508, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann athugaði um fornleifar á viðkomandi lóð, en eigi er hægt að samþykkja deiliskipulag án undangenginnar skráningar, eða einsog segir í 18. grein Þjóðminjalaga nr. 88/1989:

...Skýlt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi, eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það...

Í 64. grein reglugerðar um þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og upprættir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrítuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana. Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum....

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Skýlt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Allar framkvæmdir eru því viðkvæmt mál því að ekki er vitað hvað leynist á viðkomandi svæðum. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr.

20. grein þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd verks uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?


Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,...

Að jafnaði teljast minjar 100 ára eða eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Birkihlíð í Reykholtshrepp



Mynd 2. Afstöðumynd og mynd af framkvæmdasvæðinu.

Þann 29. desember 1999 var auglýst í Lögbertinablaðinu eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi fyrir landspildu úr jörðinni Birkihlíð, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu. Í Byggðum Borgarfjarðar er Birkihlíð lýst á þennan hátt:

Birkihlíð. Nýbýli í landi Skáneyjar, reist 1943 skammt þar frá, sem áður stóð Skáneyjarkot vestra eða Vesturkot/Ytrakot, sunnan undir Skáneyjarbungu. Land á Birkihlíð móti Skáney, Nesi, Laugavöllum, spildu frá Sturlu-Reykjum II og Hurðabaki, handan Hvítár er Fróðastaða- og Þorgautsstaðaland.¹

Númer jarðarinnar í jarðaskrá er 134377-225.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er jörðinni Vesturkoti eða Ytrakoti lýst. Skáneyjar jörðinni var skift í þrjá bæi, Skáney, Austurkot, og Vesturkot, öðru nafni Ytrakot.²

Jarðarinnar er getið í Landnámu. Þetta var kirkjustaður frá um 1367 og fram yfir 1600. Ytrakot var byggt fyrir 1700, en lagðist í eyði fyrir 1800. Það var einmitt í landi Ytrakots að búskapur hófst 1943 undir nafninu Birkihlíð.

Til er örnefnalýsing yfir Skáney, skráð af Ara Gíslasyni, og tveir spurningarlistar sem svarað var af Magnúsi Bjarnasyni, bónda í Birkihlíð frá 1943. Þarna er þónokkuð af merkilegum örnöfnun og Matthías Þórðarson gróf þarna örlítið uppúr 1930. Haustið 1934 fundust mannabein í svokölluðum Gullhól þegar verið var að grafa í hann.

Beinin virtust vera úr 2 til 3 mönnum og einu barni. Einnig virtist votta fyrir mannvistalagi þarna og taldi Matthías Þórðarson að þarna hafi staðið kofi í öndverðu.³ Einsog sést á meðfylgjandi uppdretti þá er umrætt skipulagssvæði fyrir vestan bæinn á svokölluðum Skáneyjarmelum. Um er að ræða 39,7 ha. lands þar sem gert er ráð fyrir 18 lóðum fyrir frístundarhús. GPS mæling með 15m skekkju af ca. miðjupunkti segir N 64°40.551' / V 21°20.450'.

Á meðfylgjandi túnauppdráttum sést að túnin hafa ekki náð að melunum enda er eftir að græða þá upp.

Framkvæmd

¹ Byggðir Borgarfjarðar II. 1989: 302

² Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1940: 414-415.

³ Matthías Þórðarson. 1993: 44-45.

Föstudaginn 21. janúar 2000 fór undirritaður um svæðið til að athuga aðstæður. Ekkert er um minjar á þessum melum enda eru þeir í mikilli órækt, einsog sést á eftirtöldum myndum.



Mynd 3. Horft ca. í SV átt.



Mynd 4. Horft ca. í V átt.



Mynd 5. Horft ca. í VNV átt.

Það eina sem vekur eftirtekt er lág sem næstum því klífur melana í sundur og er kölluð Draugalág, en hvaðan það nafn er komið gat Magnús, bóndi í Birkihlíð, ekki tjáð mér.



Mynd 6. Draugalág. Horft ca. í S átt.

Þar sem ekkert virðist vera þarna af fornum mannvistum sé ég ekkert sem mælir á móti þessari framkvæmd samkvæmt þjóðminjalögum.

Heimildir

Byggðir Borgarfjarðar II. 1989. Borgarfjarðarsýsla og Akranes. Búnaðarsamband Borgarfjarðar.


Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1940. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn.

Matthías Þórðason. 1993. Rannsókn nokkurra forndysja, o.fl. *Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags 1933-1936*. Reykjavík. 28-46.

Örnefnastofnun. Skáney. Reykholtshreppur.

Túnaupprættir 1920-1921. Þjóðskjalasafn Íslands.

Meðfylgjandi gögn



Túnauppráttur af Skáney.

Skarreyjarkot.


Reykholtsdal Þingeyjarsýsla.

piipit 2 1/2. (sja Shany)

Einstand min 26000 = 11 Tage!

Gander 3240 m.

Paul Zepherinsson
1917.



Túnauppdráttur af Skáneyjarkoti.